



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 16. júní 1986.

109. fundur

og jafnframt síðasti fundur núverandi skólanefndar F.S. var haldinn þann 10. júní 1986.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson; formaður, Hjálmar Árnason; skólameistari, Ingólfur Halldórsson; aðstoðarskólameistari, Bogi Hallgrímsson, Halldór Guðmundsson, Guðjón Kristjánsson, Kristinn Kristjánsson; fulltrúi kennara og Helga Loftsdóttir, ritari.

Formaður setti fund kl. 13:00.

1. KENNARARÁÐNINGAR.

Fimm umsóknir bárust um auglýstar stöður við skólann:

1. Axel Gísli Sigurbjörnsson, Bjarnarvöllum 10, 230 Keflavík.
2. Atli V. Harðarson, Lyngási, Biskupstúngum, 801 Selfoss.
3. Ellert Guðmundsson, Reynivöllum 6, 800 Selfoss.
4. Harpa Hreinsdóttir, Mörk, Laugarvatni, 840 Laugavatn.
5. Kristján P. Ásmundsson, Eyrarstíg 1, 730 Reyðarfjörður.

Þá barst ein umsókn eftir að umsóknarfrestur rann út, frá Bjarna Gunnarssyni, Samtúni 38, Reykjavík.

Skólanefnd samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að mæla með Kristjáni Pétri Ásmundssyni og Axeli Gísla Sigurbjörnssyni. Þá var mælt með endursetningu Jóhannesar Helgasonar.

Afgreiðslu annarra umsókna var frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

2. Húsnæðismál.

Skólameistari lagði fram og skýrði teikningar að viðbyggingu F.S. Kostnaður er áætlaður 20-25 millj. króna, sem skiptast 60% til ríkisins og 40% til sveitarfélaganna.

Skólanefnd samþykkti framlagða teikningu, eftir nokkrar umræður, og óskar heimildar sveitarfélaganna til að hefja

undirbúningsframkvæmdir með það fyrir augum að hægt sé að taka bygginguna í notkun í síðasta lagi 1. sept. 1987.

3. ÖNNUR MÁL.

a) Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, spyr hvort það sé rétt með farið í síðustu fundargerð, að b-lið í öðrum málum hafi verið hafnað. Skólanefndarmenn sögðu það rétt vera, á þeim forsendum sem þar kemur fram.

b) Formaður las fyrir fundarmenn bókun frá Jóhanni Geirdal og Ólafi Björnssyni úr fundargerð bæjarstjórnar Keflavíkur frá 20. maí s.l.

Í framhaldi af því samþykkti skólanefnd samhljóða eftirfarandi:

Okkur hefur borist fundargerð bæjarstjórnar Keflavíkur frá 20. maí með bókun Jóhanns Geirdal og Ólafs Björnssonar, um vanrækslu skólanefndar um að senda upplýsingar er beðið var um á fundi bæjarstjórnar 22.04.86. Okkur finnst slíkar bókanir forkastanlegar þar sem umræddar upplýsingar bárust bæjarstjórn 4. maí og haldinn var sérstakur fundur undirnefndar skólanefndar til að fjalla um málið fyrir þann tíma. Er þetta í annað sinn, sem bókanir koma frá þessum bæjarfulltrúum til að sverta starf skólanefndar og skiljum við ekki hverju slíkt sætir.

c) Skólameistari dreifði yfirliti um brautskráða nemendur á vorönn 1986. Þar kemur fram að 32 stúdentar útskrifuðust frá F.S., þar af 9 af viðskiptabraut, 8 af náttúrufræðabr., 3 af málabr., 7 af uppeldisbr., 4 af eðlisfræðabr., 1 af heilsgæslubr., 1 af fjölmiðlabr. og 1 af flugliðabraut. Eftir brautum skiptust ^{aðrir} nemendur eftirfarandi: 4 af flugliðabraut, 11 af iðnbrautum, 7 af meistaraskóla byggingarmanna, 10 af réttindanámi vélstjóra, 10 af tveggja ára brautum, 1 af verknámsbraut tréiðna og 1 af verknámsbraut rafiðna. Auk þess brautskráðist einn skiptinemi frá skólánunum.

Einnig dreifði skólameistari yfirliti um á aðila er færðu skólanum gjafir í tilefni tíu ára afmælis hans:

Sparisjóðurinn í Keflavík	150.000-kkr.
Keflavíkurverktakar	100.000- kr.
Kaupfélag Suðurnesja	
(ætlað í fiskeldisbraut)	50,000- kr.
Steindór Sigurðsson og Kristín	
Guðmundsdóttir, (til tölvukaupa)	50.000- kr.
Vélstjórafélag Suðurnesja	40.000- kr.
Verslunarbanki Íslands	30.000- kr.
Fyrrum nemendur F.S.	um 40.000- kr.

Stjórn S.S.S. gaf skólanum fundarhamar. Þá færði Fjölbrautaskólinn á Akranesi skólanum að gjöf málverk eftir Hjálmar Þorsteinsson.

d) Skólameistari upplýsti að hann hafi setið fund með flugmálastjóra og kennurum flugliðabrautar. Kom þar fram að flugmálastjórn muni greiða fargjaldastyrk flugliðakennara í framtíðinni. Einnig tjáði flugmálastjóri á fundi þessum að áætlað sé að koma á fót "flugakademíu" í framtíðinni, þar sem kennt yrði flugrekstur, flugumsjón, flugliðanám off. undir sama þaki. Óskaði flugmálastjóri eindregið eftir því að flugliðabraut fengi að vera áfram í F.S. þangað til.

Einnig upplýsti skólameistari að mikil eftirspurn væri eftir fiskeldistæknum. Sagði hann að skólastjóri fiskeldis-skólans á Kirkjubæjarklaustri hefði mælt til þess að markaðsfræði fyrir fiskeldi yrði kennt hér. Í framhaldi af því sagði skólameistari að hann hefði beðið tvo af kennurum skólans að skipuleggja fiskeldisbrautina í samráði við fiskeldisstöðvar og ráðuneyti.

e) Skólanum hefur borist formlegt bréf frá menntamálaráðherra þar sem F.S. er heimilað að starfrækja sjúkraliðabraut. Er heimildin háð þeim skilyrðum að hjúkrunarfræðingur sé fengin til starfa við brautina. Skólameistari taldi ráðlegt að auglýsa sjúkraliðanám um næstu áramót.

Áður en fundi var slitið tók Hjálmar Árnason, skólameistari, til máls og þakkaði skólanefndarmönnum gott samstarf og áhuga, einnig það traust að mæla með honum í starf skólameistara. Þá þakkaði hann Gunnari Sveinssyni, formanni, fyrir gott starf í þágu skólans en Gunnar hefur verið formaður skólanefndar frá upphafi, auk þess sem hann stýrði báðum undirbúningsnefndum að stofnun skólans. Í raun mætti líta á Gunnar Sveinsson og Jón Böðvarsson sem foreldri F.S.

Halldór Guðmundsson þakkaði nefndarmönnum samstarfið og sérstakar þakkir til Gunnars fyrir hans stjórn og alúð.

Bogi Hallgrímsson tók undir orð Halldórs og sagði Gunnar hafa unnið mjög ötult starf og sérstaklega fórnfús að leggja til vinnu í sambandi við skólann.


Guðjón Kristjánsson tók undir orð hinna og sagði að sami krafturinn væri í nefndinni og fyrir sjö árum er hann sat fyrst fundi skólanefndar.


Gunnar Sveinsson, formaður, þakkaði fundarmönnum kærlega fyrir. Sagði hann þessi 10 ár hafa verið góðan tíma og þakkaði hann fundarmönnum samstarfið og sérstaklega Ingólfi en þeir hafa báðir starfað fyrir skólann síðan hann var stofnaður. Einnig þakkaði hann skólameisturum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans. Síðan óskaði hann skólanum heilla í framtíðinni og sagði skólann vera í góðum höndum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:30.

Að lóknum fundi skólanefndar kom skólanefnd, byggingarnefnd og skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands í heimsókn. Gestir skoðuðu húsakynni F.S. og þáðu kaffiveitingar.


Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar.


Helga Loftsdóttir,
ritari.